

5. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælis-
álestur.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveit-
unnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 44,00

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húsa:

(utanmál) m³

Heimæðargjald.

Allt að 400 kr. 12 505,00

400—2 000 kr. 12 505,00 fyrir 400 m³ + 10,00 kr/m³ þar yfir.

Meira en 2 000 kr. 28 480,00 fyrir 2 000 m³ + 8,60 kr/m³ þar yfir.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal
þá greiða kr. 1 155,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskipta-
manns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vantsrennsli að húsi, sem
hitaveitugjöld eru vangreiðd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og
opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 87,00 hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967
til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

24. nóvember 1981.

Nr. 764.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar nr. 581 12. nóvember
1980.**

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minna
en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra,
þó aldrei minna en 1,50 mínútulítra.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil kr. 243,50 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Vatnsgjald um vatnsmæli kr. 12,20 fyrir hvern rúmmetra.

c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar eru að jafnaði lægra en 80° C skal hitaveitan leiðrétta
vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um $\frac{1}{45}$ fyrir hverja gráðu
sem hitastigið er undir 80° C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínú. til að hitaveitunni sé
skýlt að framkvæma leiðréttingu samanber 1. mgr. Leiðrétting verður gerð einu sinni á
ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupp-hitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Stofngjald skal vera:

- a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir.

Stærð húss	Stofngjald
250 m ³	kr. 8 116,00
251— 500 m ³	kr. 8 116,00 + 19,48 kr/m ³ yfir 250 m ³ .
501— 500 m ³	kr. 12 986,00 + 11,36 kr/m ³ yfir 500 m ³ .
1 501—6 000 m ³	kr. 24 346,00 + 7,31 kr/m ³ yfir 1 500 m ³ .
6 000 m ³	kr. 57 241,00 + 5,69 kr/m ³ yfir 6 000 m ³ .

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 5 680,00, sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

- b) Fyrir rafkynnt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neyslu-vatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

- c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til húshitun-ar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. liðum a og b.

8. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 244,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

11. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. október 1981, 811 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggja fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. nóv. 1981 með tilvísun til auglýsingar nr. 619/1981 og birtist til eftir-breytni öllum sem hlut eiga að máli.

Íðnaðarráðuneytið, 24. nóvember, 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 226 26. maí 1977, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir: